

Jafnréttissjónarmið Ferðamálastofu

Jafnréttissjónarmið Ferðamálastofu taka mið af lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 og er áhersla m.a. lögð á laun, starfsþjálfun og endurmenntun ásamt ákvæðum um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Jafnréttissjónarmiðum Ferðamálastofu er gert að tryggja mikilvægi þess að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum bæði kvenna og karla og einnig til að minna stjórnendur og starfsfólk á að allir fái notið sín án tillits til kynferðis.

Það er stefna Ferðamálastofu að gætt sé fyllsta jafnræðis á milli kvenna og karla og að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum. Með því vill stofnunin stuðla að jákvæðum og góðum starfsanda þar sem virðing og vellíðan ríkir á meðal alls starfsfólks.

Jafnréttissjónarmið Ferðamálastofu eru:

- Að gæta þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.
- Að laus störf hjá fyrirtækinu skulu standa opin bæði konum og körlum.
- Að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.
- Að bæði kynin eigi jafna möguleika við úthlutun verkefna að teknu tilliti til menntunar og reynslu.
- Að konur og karlar geti nýtt sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.
- Að báðum kynjum sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu m.a. með sveigjanlegum vinnutíma.
- Að bæði kyn njóti sömu virðingar.

Nauðsynlegt er að jafnréttissjónarmið séu í samræmi við starfsmannastefnu stofnunarinnar og skulu því endurskoðast samhliða henni á 3ja ára fresti.

Eftirfylgni og ábyrgð er á verksviði ferðamálastjóra.

Jafnréttissjónarmið Ferðamálastofu voru samþykkt þann 15.04.2011.